TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hljómfræði F1 - númer

Haustönn 2026
Kennari: Ívar Aðalsteinsson
Forkröfur: M2
Hæfniþrep
Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Hér læra nemendur um hljóma og grunnatriði í hljómferli og raddfærslu. Eingöngu er unnið með þríhljóma í dúrtóntegundum og stuðst í aðalatriðum við nálgun Arnolds Schönbergs. Tengsl heimahljóma hvers við annan eru skoðuð, fyrst með alla hljóma í grunnstöðu en síðan er sexundar- og fersexundarhljómum bætt við. Raddsvið eru tekin fyrir, hljómakort útskýrð og unnin, hljómar tengdir og raðsettir, hugað að sterkum og veikum hljómasamböndum og mismunandi gerðum aðalendis.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki þríhljóma, byggingu þeirra og hvernig þeir eru undirstaða samhljóms í vestrænni tónlistarhefð. Hann þekki hvernig þeir verða heimahljómar í dúrtóntegundum og tengjast og mynda hljómræna framvindu og röðun þeirra í hljómakort. Jafnframt þekki hann hvernig hljómnótur dreifast á aðalraddirnar fjórar eftir raddsviði raddanna, grunnstöðu hljóma og hljómhvörf og hvernig stöður þeirra móta bassalínu. Þá kunni hann skil á sterkum og veikum hljómasamböndum, meðferð minnkaðra hljóma og mism. gerðum aðalendis.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að þekkja og greina þríhljóma í öllum dúrtóntegundum og byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman. Hann skal hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort og virkja hentuga rödd fyrir hverja hljómnótu í hljómfærslu. Hann geti við raddfærslu greint og skráð með liprum hætti hljómhvörf í bland við grunnstöðu, missterk hljómasambönd og aðalendi svosem tíðkast hefur samkvæmt hefð.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í einföldum raddskrám með þríhljómum í dúrtóntegundum. Einnig telst nemandi nú vel hæfur og til að hefja nám í hljómfærslu í molltóntegundum.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (7. – 11. sept 2026)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Þríhljómar í grunnstöðu, röðun þeirra sem heimahljóma í hinum ýmsu dúrtóntegundum og hljómakort með þeim.	
2. vika (14. – 18. sept 2026)	Raddirnar sópran alt, tenór og bassi, raddsvið þeirra og skriftarvenjur tengdar þeim. Grunnatriði í raddfærslu.	
3. vika (21. – 25. sept 2026)	Heimahljómar tengdir saman í pör og venjur þar að lútandi.	
4. vika (28. sept – 2. okt. 2026)	Haldið áfram með að tengja hljóma saman í pör. Hljómar einnig tengdir í lengri raðir og háttalag við það.	
5. vika (5. – 9. okt 2026)	Hljómar tengdir í lengri raðir og þjálfun í að vinna þær og greina..	
6. vika (12. – 16. okt 2026)	Hljómar tengdir í lengri raðir og þjálfun í að vinna þær.	
7. vika (19. – 23. okt. 2026)	vii°- sætið og meðferð þess.	
8. vika (26. – 30 okt. 2026)	Hljómaraðir með vii°. -sætinu og vinnsla þeirra.	
9. vika (2. – 6. nóv. 2026)	Tengingar hljóma án sameiginlegra tóna og vinnsla þeirra.	
10. vika (9. – 13. nóv. 2026)	Sexundarstaða og hljómakort og hljómferli með sexundarstöðu.	
11. vika (16. – 20. nóv 2026)	Sexundarstaða og hljómakort og hljómferli með sexundarstöðu.	
12. vika (23. – 27. nóv 2026)	Fersexundarstaða og hljómakort og hljómferli með fersexundarstöðu. Sterk og veik hljómasambönd, framvinda og raddfærsla með öllum þeim atriðum sem farið hefur verið í.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

13. vika (30. nóv. – 4. des 2026)	Fersexundarstaða og hljómakort og hljómferli með fersexundarstöðu. Gerðir aðalendis.	
14. vika (7. – 11. des 2026)	Raddfærsla með öllum þeim atriðum sem farið hefur verið í, sýnispróf skoðað.	
15. vika (14. – 18. des 2026)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI